

**Skráning heimilda og uppsetning heimildaskrár**

Sjá nánari útskýringar á vefsíðunni:  
[heimildaskraning.weebly.com/](http://heimildaskraning.weebly.com/)

**22. verkefni 22heimildir**

Til eru margvíslegar reglur um það form sem er á skráningu heimilda og tilvísana.

Hér er algengt að nota **APA**-kerfið (**A**merican **P**sychological **A**ssociation). Einnig er **Chicago**-kerfið nokkuð notað.

Heimildaskrá heldur utan um þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að finna réttu heimildirnar án mikillar fyrirhafnar.

Hún kemur alltaf á nýrri blaðsíðu aftast í verki.

Opnið nýtt skjal og setjið upp heimildaskrá samkvæmt fyrirmælum kennara um framsetningu heimildaskráa.

Hér er stuðst við **APA**-kerfið. Sjá nánari útskýringar og sýnishorn á [tolvunotkun.weebly.com](http://tolvunotkun.weebly.com).

Vistið verkefnið reglulega undir heitinu: **22heimildir**

Leitið að 10–12 bókum úr listanum hér fyrir neðan og allar vefheimildir. Setjið upp í heimildaskrá.

Raðið í stafrófsröð og mótið með hangandi inndrætti um 0,7 cm og bil á eftir 3 pt.

Styðjist við leiðbeiningar um uppsetningu á heimildaskrá samkvæmt APA-staðli.

Charles, Janet Sk.	Aðþrengd í Odessu	Hannah Kent	Náðarstund
Nesbø, Jo	Afturgangan	Bragi Halldórsson o.fl.	Ormurinn langi
Markus Zusak	Bókabjófurinn	Sjón	Skugga-Baldur
Yrsa Sigurðardóttir	Ég man þig	Funder, Anna	Stasiland
Hosseini, Khaled	Flugdrekaflauparinn	Santiago, Esmeralda	Stúlkan frá Puerto Ríko
Sif Sigmarsdóttir	Freyju saga – Múrin	Bradley, Alan	Þegar öllu er á botninn hvolft
Kathryn Stockett	Húshjálpin	Andri Snær Magnason	Tímakistan
Ragnhildur Richter o.fl.	Íslenska eitt	Stefán Máni	Úlfshjarta
Arnaldur Indriðason	Kamp Knox	Svarup, Vikas	Viltu vinna milljarð?
Vilborg Davíðsdóttir	Korku saga	Dagný Kristjánsdóttir	Öldin öfgafulla

Vefheimild – Grein úr gagnasafni – Höfundar getið

Leitið að greininni: Breytt hugarfar og nýr lífsstíll eftir Nönnu Árnadóttur sem birtist í Fréttablaðinu í janúar 2015.

Vefheimild – Grein úr gagnasafni – Án höfundar

Leitið að greininni: Hugsað vel um líkama og sál sem birtist í Morgunblaðinu í ágúst 2012.

Vefheimild – Höfundar getið      Leitið að: Hversu gömul verða ský? (Vísindavefurinn)



Vefsíða stofnunar      Leitið að: Drekkum vatn – hollasta svaladrykkinn (Embætti landlæknis)

Alfræðisafn – Wikipedia      Leitið að: Heimskautarefur (Wikipedia)

Í heimildaskrá þurfa allar helstu upplýsingar um heimildir að koma fram, svo sem höfundur verks, nafn þess, útgáfustaður og útgáfuár. Sé vitnað í tímaritsgrein þarf einnig að koma fram úr hvaða tímariti greinin er og hvar greinina er að finna í því (árgangur, tölublað ef við á og blaðsíðutal). Heimildum er raðað í stafrófsröð eftir höfund. Íslenskum höfundum er raðað eftir fornafni en erlendum eftir eftirnafni, svo sem síður er á íslenskum bókasöfnum. Sé verkið höfundarlaust er yfirleitt raðað eftir nafni verksins. Í heimildaskrá skal skáletra nafn bókar eða tímarits. Sé heimildin ekki úr bók þarf að koma fram hvaðan hún er; þannig verður slóð að fylgja heimildum af internetinu. Vanti upplýsingar um eitthvert tiltekið atriði á það að koma fram innan hornklofa, til dæmis "[Án ártals]". Meginatriðið er að heimildaskrá ásamt tilvísunum leiði lesanda á ótvíræðan hátt á þann stað sem vitnað eða vísað er í. Jafnframt er þó mikilvægt að gæta þess að heimildaskráin sé stílhrein og öll gerð eftir einu og sama kerfi. Að öðru leyti er hins vegar nokkuð misjafnt nákvæmlega hvaða kerfi er notað.

Heimild: SIV og ÞV. (2000, 7. júní). Hvernig er heimildum raðað upp í heimildaskrá?  
*Vísindavefurinn*. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=496>.

Í Word er boðið upp á heimildaskráningu (e. Bibliography), þ.e. að skrá hjá sér heimildir jafnóðum og ritgerð/verk er unnið. Velja þarf stíl heimildar (t.d. **APA** eða **Chicago**), skrá grunnupplýsingar eða velja skráða heimild, kalla fram heimildaskrána og aðlaga að íslenskum kröfum. Heimildir eru skráðar samkvæmt föstum reglum. Þeim á að raða í stafrófsröð eftir höfundum eða fremsta lið í hverri skráningu.



Til að setja inn heimild eða tilvitnun í heimild (e. Citation) er farið í **References** (Tilvísanir).

Undir **Citations & Bibliography** (Tilvitnanir og heimildaskrá) eru þær aðgerðir sem í boði eru.

Hægt er að velja mismunandi skráningarkerfi fyrir heimildir (t.d. **APA**-kerfið, **Chicago**-kerfið o.fl.) undir **Style** (Stíll). Þar kemur fram hvaða upplýsingar á að skrá um heimild, hvernig tilvitnun á að vera og hvernig heimildaskrá á að vera uppbyggð.

**Manage Sources**

Umsjón heimilda

**Add New Source ...**

Bæta við nýrri heimild

**Style** Stíll

Heimildaskrá

**Add New Placeholder...**

Bæta við nýjum staðgengli

Hægt er á skrá nýja heimild frá grunni eða velja úr heimildum sem þegar hafa verið skráðar.

Ef heimildir eru þegar til staðar er valið úr lista sem birtist þegar smeltt hefur verið á

**Add New Source** (Bæta við nýrri heimild).

---